



## viðskiptalausnir

### Kerfið í hnotskurn

- Tenging beint inn í fjárhagsbókhald.
- Einfalt er að nota innkaupapantanir eða vöruheikninga til að útbúa tollskýrslur.
- Hlutamóttökuafgreiðsla og hluta- tollaafgreiðsla.
- Safnsendingar og tollaafgreiðsla á innkaupapöntunum í mörgum gjaldmiðlum.
- Innlestur á tollskrá og tollgengi.
- Hægt að velja Free-of-charge“ sem hægt er að bóka beint á lánardrottin eða fjárhagslykil.

Gerðu tollskýrslur á skjótan og skilvirkan hátt.

### Upplýsingar

Við tökum vel á móti þér í Borgartúni 26 4. hæð og Hafnarstræti 93-95, Akureyri.

Nánari upplýsingar veitir söludeild Wise í síma: 545 3200 eða í tölvupósti: [sala@wise.is](mailto:sala@wise.is)

[www.wise.is](http://www.wise.is)



# Tollakerfi

## - innflutningur og rafræn samskipti

Tollakerfi Wise hentar vel fyrir þá sem stunda innflutning og sækjast bæði eftir nútímalegri og handhægri tollskýrslugerð ásamt rafrænum samskiptum við tollinn.

Kerfið gerir fyrirtækjum kleift að tollaafgreiða vörur, bóka innkaupareikninga á lánardrottina, bæði flutningsaðila sem og erlenda birgja. Fá vörur inn á lager með réttu uppfærðu kostnaðarverði ásamt bókun á tollagjöldum.

### Tollskýrsla

Þegar útbúa á tollskýrslu í kerfinu þarf einungis að sækja innkaupapöntunina, afrita innkaupalínurnar inn í tollskýrsluna, setja inn flutningsgjöld og önnur gjöld. Þegar heildarkostnaður við flutninginn hefur verið skráður ásamt innkaupaverði, reiknast kostnaðarverð vörunnar út.

### EDI samskipti

Þegar tollskýrslan er tilbúin má senda hana til tollsins en það er gert á rafrænan hátt beint úr kerfinu. Skömmu síðar má athuga hvort afhendingarheimild hafi fengist eða einhverjar athugasemdir hafi komið upp varðandi tollskýrsluna.

### Bókanir í færslubók

Um leið og svör eru komin inn frá tolli, þá fást upplýsingar um VSK, toll, og önnur gjöld sem færast yfir í færslubók eða bóka sem kostnaðarauka. Þar bókast þær á viðeigandi lánardrottin og fjárhagslykla sem notandi hefur sett upp í grunnstillingum kerfisins.

### Einfalt í uppsetningu

Þegar kerfið er sett upp hjá notanda eru öll stofngögn komin inn. Þó á eftir að gera ýmsar stillingar í kerfinu til að aðlaga það þörfum hvers og eins, t.d. hvernig kostnaður flutningsfyrirtækis á að færast í bókhaldinu.

### Bein tenging við Dynamics NAV

Kerfið tengist beint við lánardrottina, innkaup og birgðakerfi Microsoft Dynamics NAV sem bætir afköst og er tímasparandi þegar litið er til bókhaldsins almennt.